

Ed.

325. Nefndarátt

um frumvarp til laga um afnám laga nr. 7, 6. júní 1923, um breyting á lögum um friðun á laxi.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Í 1. gr. laxafriðunarlaga frá 19. febr. 1886 er svo ákveðið, að á því 3 mánaða tímabili, sem laxveiði er leyfð, skuli þó lax friðaður í 36 klukkustundir í viku hverri, öll laxanet þá tekin upp og allar veiðivjelar standa opnar, svo að lax hafi frjálsa göngu. Gildir þetta ákvæði laga um allar ár og vötn á landinu, og meira að segja um sjóinn umhverfis strendur þess, að því leyti, sem lax kann þar að vera veiddur.

Þetta ákvæði má hiklaust telja eitt af aðalgrundvallarákvæðum laxafriðunarlaga frá 19. febr. 1886. En með lögnum frá 6. júní 1923 var þessu grundvallarákvæði laga kipt burtu að því er Ölfusá snertir, án þess þó að láta sömu reglu gilda að því er snertir efri hluta árinna, er Hvítá nefnist, og þverárin, sem í hana renna.

Að þingið á sinum tíma samþykki þessa undanþágu, má ætla, að stafað hafi á aðra hliðina af því, að það hafi talið vatnsmagn árinna nægilega tryggingu fyrir því, að lax gæti ávalt gengið hindrunarlítið upp eftir henni, enda þótt net lægju að staðaldri niðri, og á hina hliðina af því, að engum mótmælum mun þá hafa verið hreyft gegn þessari undanþágu, hvorki frá hálfu sýslunefndar Árnessýslu nje þeim, sem búa upp með Hvítá eða við þverár hennar.

En nú er hvorug þessara ástæðna lengur fyrir hendi.

Reynslan frá síðastliðnu sumri sýnist ótvíræðilega benda í þá átt, að undanþágan, sem veitt var á síðasta þingi, hafi orðið til hindrunar laxgöngu npp eftir umræddum ári, þar sem laxveiðin mun hafa orðið venjn fremnr lítil hjá þeim laxveiðendum, sem búa við ofanverða Ölfusá og Hvítá, enda þótt hún reyndist með meira móti hjá þeim, sem búa neðan til við Ölfusá.

Að undanþágan sje gagnstæð óskum eða vilja alls þorra þeirra, sem hjer eiga hlnt að máli, hefir lýst sjer með ýmsu móti síðan hún komst á, og þar á meðal því, að á síðasta sýslufundi Árnassýslu var með 9 atkvæðum gegn 7 samþykkt tillaga, sem gekk í þá átt, að árnar væru friðaðar viknlega í 48 klukkustundir, eða með öðrum orðum $\frac{1}{4}$ lengur en laxafriðunarlögin frá 19. febr. 1886 gera ráð fyrir. Og segir það sig sjálfst, að þeir, sem óska eftir því, að friðunartíminn sje lengdur úr 36 klukkustundum npp í 48 klukkustundir, mundu telja það fullkomið óráð að hafa hann engan.

Og þar sem undanþágan, sem hjer ræðir um, stríðir þannig á móti meiri hluta sýslnefndar og alls þorra hjeraðsbúa þeirra, sem málið varðar, auk þess, sem hún verðnr að teljast óeðlileg í sjálfu sjer, þá virðist ekki ástæða til að halda henni. Og það því síður, sem búast má við því, að framhald undanþágunnar yrði til þess, eins og vikið er að í nefndaráliti meiri hlnta allsherjarnefndar Nd., að stöðva tilraunir þær með laxaklak, sem byrjaðar eru á nokkrum stöðum við Hvítá og árnar, sem í hana falla.

Samkvæmt þessn leggjum við það því til, að háttv. deild samþykki óbreytt framangreint frumvarp.

Alþingi, 7. apríl 1924.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Eggert Pálsson,
fram.